

Stjórnarfundur FFGÍR. Akurskóli 28.október 2010 kl.17:00-18:10

Mættir voru: Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri FFGÍR Anna Sigga Jóhannesdóttir FFH, Sonja Kristín Sverrisdóttir FFH, Erla Guðmundsdóttir FFA, Lilja Dögg Bjarnadóttir FFN og skólaráð Njarðvíkurskóla, Gunnrún Theodórsdóttir FFHS, Ásta Einarsdóttir skólaráð Njarðvíkurskóla, Guðmundur Þ. Þórðarson FFA, Linda Birgisdóttir FFM, Hulda Klara Hjaltadóttir FFA.

1. Handbækur foreldrafélaganna og FFGÍR. FFM, FFH, FFHS, FFA, FFN

Hvað á að vera í handbókunum?

- Ávarp formanns eða stjórnar?
- Markmið
- Stjórn
- Lög félagsins
- Bekkjarfulltrúar- hlutverk
- Foreldrasáttmáli
- Fræðsla og kynningar
- Útgáfumál – fréttabréf, fundargerðir, heimasíða, fjölmiðlar
- Almennar upplýsingar

2. Heimasíður foreldrafélaganna

Halda þeim virkum og vera dugleg að setja inn fréttir úr starfi. Fundir, bekkjarkvöld og uppákomur þar sem foreldrar eru þátttakendur í starfi.

Hvert er hlutverk foreldrafélagsins:

- vinna samkvæmt grunnskólalögum nr 91/2008...að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla
- Að hvetja til virkrar þátttöku foreldra í skólastarfinu
- Hagsmunagæsla, aðhald og eftirlit með skólastarfinu
- Tengsl og samvinna við skólastjórnendur
- Tengsl við fulltrúa foreldra í skólaráði og skólanefnd sveitarfélagsins
- Tengsl og umsjón með störfum bekkjarfulltrúa
- Ábyrgð á skipulagningu og boðun fulltrúaráðsfunda í foreldrasamfélaginu
- Tengsl við nemendaráð og hagsmunagæsla vegna nemenda
- Tengsl við aðila utan skólans m.a. aðila í grenndarsamfélaginu og stjórnsýslunni
- Tengsl við fulltrúa foreldrafélagsins við svæðisráð foreldra (FFGÍR) og landssamtök foreldra (H og S).

3. Skólaráð-fulltrúar foreldra. Það er gátlisti fyrir skólaráðsfulltrúa í handbók *Heimilis og skóla* bls. 23 (listinn er aðgengilegur á netinu). Gátlistinn virkar einnig vel fyrir stjórnir foreldrafélaganna sem koma ábendingum eða fyrirspurnum til fulltrúa í skólaráði.

1. Skoða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og bera saman framlög til skólamála
2. Lesa grunnskólalög, reglugerðir og reglur um skólalög og bera saman skólanámskrá og starfsáætlun skólans við áætlanir sveitarfélagsins og skólastefnu.
3. Fara yfir skóladagatal
4. Fara yfir stundaskrár
5. Skoða niðurstöður kannana og fá skýringar hjá skólastjóra
6. Skoða skólahúsnæði, tækjakost skólans, bókasafn og annan búnað sem og almennan aðbúnað nemenda
7. Skoða mótuneyti og matseðla
8. Skoða húsnæði og dagskrá frístundaskólans (?)
9. Skoða skólalóð og aðkomuleiðir, eftirlit með leiksvæðum á skólalóð
10. Skoða íþróttáðstöðu, kanna hvernig gæslu í búningsklefum og sturtum er háttað í leikfimi og sundi
11. Spyrja út í starfsmannastefnu og starfsmannahald og endurmenntunar áætlun skólans (?)
12. Spyrja út í eineltisstefnu, áfallaáætlun og forvarnir
13. Hver er staða valgreina í unglingsdeild og hvert er framboð á félagsstarfi á vegum skólans fyrir alla nemendur
14. Hvernig er sjálfsmatsáætlun skólans og fá niðurstöður kannanna sem gerðar eru í tengslum við sjálfsmat/gæðamat.
15. Hver er stefna skólans í samstarf heimila og skóla – kynna skólaráðið bæði fyrir foreldrum og út á við
16. Heimsækja skólann á skólatíma
17. Kynna sér skólaakstur t.d. með því að fara í skólabílum.
18. Skoða ferðir til og frá sundi, athuga hver fylgir börnunum og annast þau í slíkum ferðum
19. Athuga aðkomu foreldra að setningu bekkjarreglna (?) og skólareglna.
20. Koma með tillögur til úrbóta um það sem betur má fara ef þörf krefur

4. Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla

Verkefnastjóri FFGÍR er svæðisráðsfulltrúi í landssamtökum foreldrafélaganna Heimili og skóli. Á síðasta fulltrúaráðsfundi samtakanna 15.október sl. hélt ég erindi um FFGÍR. Fólk er hrifið af nálægðinni sem við höfum í Reykjanesbæ. Að vera í litlu bæjarfélagi auðveldar okkur að vinna saman. Við verðum að halda áfram á þessari braut en muna jafnframt að alltaf má gera betur.

Heimili og skóli er samstarfs og samráðsvettvangur foreldrafélaga í landinu. Fulltrúar svæðaráða mynda fulltrúaráðið. Stjórn landssamtakanna er málsvari foreldra í landinu og með tilkomu fulltrúaráðs Heimilis og skóla er mynduð breiðfylking foreldra í landinu sem vinnur að eflingu foreldrasamstarfs og gætir hagsmuna foreldra og barna á landsvísu.

Heimili og skóli er með ýmislegt í boði fyrir foreldrafélögin og foreldra almennt.

Það er hægt að fá:

- Fyrirlestra um foreldrastarf, bekkjarstarf og skólamál almennt
- Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa
- Að efla samstarf foreldra og samstarf heimila og skóla
- SAFT-örugg netnotkun barna og unglunga

5.Málfundur FFGÍR og FRÆ

Málfundurinn var haldinn 13.október í FS og tókst vel. Það mættu um 120 manns og eftir hlé var unnið í hópum. Það var skipt í skólahverfi og hvert hverfi skilaði niðurstöðum. Gylfi Jón, yfirsálfræðingur hjá Reykjanesbæ, hefur skrifað 2 greinar og hefur önnur þeirra birst í Víkurfréttum, á heimasíðu FFGÍR og heimasíðu Reykjanesbæjar.

Verkefnastjóri FFGÍR ætlar að skrifa grein um niðurstöðurnar og fá þær birtar í Víkurfréttum eða í öðrum fjölmiðli.

6. Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa

Fundurinn samþykkti að fresta námskeiði þangað til í janúar. Helga Margrét og við (FFGÍR) höldum námskeiðið.

7. Brunaæfingar

Það hafa ekki verið haldnar brunaæfingar í grunnskólum Reykjanesbæjar á þriðja ár. Linda Birgisdóttir, formaður FFA og fulltrúi foreldra á fundum fræðsluráðs Reykjanesbæjar spurðist fyrir um brunaæfingar í grunnskólum. Æfingarnar kosta rúmlega 40.000 kr. á hvern skóla. Yngstu börnin frá 1.-3.bekk hafa aldrei tekið þátt í brunaæfingu í sínum skóla.

Stjórn FFGÍR felur verkefnastjóra að senda athugasemd og beiðni að skólarnir bjóði nú þegar upp á brunaæfingu í samstarfi við Brunavarnir Suðurnesja.

8.Nanna og Skólaforeldrar

Nanna vill koma á milli 11.nóv. og 18.nóv. Fundurinn felur verkefnastjóra að finna tíma í samráði við Nönnu Kristínu Christiansen. Stefnum á að hafa erindi hennar í nóvember.

9. Grúbbur og hópamyndanir á skólalóðum

Sögusagnir eða staðreyndir? Stjórn FFGÍR ætlar að hafa augu og eyru opin vegna hópamyndana á skólalóðum og á milli skóla. Við viljum að unglingarnir komi vel fram við hvort annað og myndi ekki klíkur til að ógna öðrum.

10. Önnur mál

a) Bréf til allra bekkjarfulltrúa og grunnskólakennara um hlutverk bekkjarfulltrúa. Það þarf að vera gagnkvæmur skilningur á stöðu bekkjarfulltrúa og kennarans. Bekkjarfulltrúar geta gert ýmislegt án þess að kennari komi þar nálægt og öfugt. Síðan geta bekkjarfulltrúar og umsjónarkennari staðið saman að einni uppákomu.

b) Þessa fyrirspurn sendi ég á skóla 13.september og ég vil fá svör frá grunnskólunum í byrjun janúar 2011.

13.september 2010

Spurningar frá FFGÍR?

1. Hvernig bætum við okkur í samstarfi sem foreldrar?

Íslenskar og erlendar rannsóknir sýna að því miður skorti mikið upp á að samstarf skólaforeldra og skóla sé fullnægjandi.

2. Hvað finnst kennurum og skólastjórnendum grunnskóla RNB að sé fullnægjandi samstarf?

Vinsamlega sendið svar á ffgir@ffgir.is

Fleira ekki gert og fundið slitið kl.18:10

Ingigerður Sæmundsdóttir, verkefnastjóri FFGÍR ritaði fundargerð

